



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Sumaropnanir í leikskólum Reykjavíkurborgar 2019

Í meirihlutasáttmála borgarstjórnar fyrir kjörtímabilið 2018 til 2022 kemur fram að fara eigi í tilraunaverkefni um sumaropnanir í leikskólum Reykjavíkur. Á fundi borgarstjórnar 4. september 2018 samþykkti borgarstjórn að fela skóla- og frístundasviði að hefja undirbúning að tilraunaverkefni um að jafnaði einn leikskóli í hverju hverfi skuli vera opin allt sumarið 2019.

Fagskrifstofa leikskólamála á skóla- og frístundasvið tók við verkefninu og hófst þegar handa við að leita eftir leikskólum til að taka þátt í verkefninu. Þeir leikskólar sem samþykktu þátttöku eru Rofaborg í Árbæ/Grafarholti, Lyngheimar í Grafarvogi, Ösp í Breiðholti, Bjartahlíð í Miðborg/Hlíðum, Garðaborg í Laugardal/Háaleiti og Gullborg í Vesturbænum.

Stjórnendur þessara leikskóla mynduðu vinnuhóp ásamt fjórum starfsmönnum skrifstofu skóla- og frístundasviðs; Sigríði Marteinsdóttur, Auði Ævarsdóttur, Róberti Rafni Birgissyni og Elísabetu Helgu Pálmadóttur sem jafnframt er formaður hópsins.

Vinnsla verkefnis:

Starfshópurinn hittist á nokkrum fundum og lagði fram tillögur að starfsreglum sem samþykktar voru í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs. Þar kom m.a. fram að umsóknartími foreldra var 15. mars 2019, að vistun í sumaropnunarleikskólunum þarf að vera að lágmarki vika og þarf að vera samfelld. Einnig kom fram að starfsmaður leikskóla þáðan sem barn/börn eru að koma yfir í sumaropnunarleikskólann þurfa að fylgja þeim.

Bréf var sent frá leikskólaskrifstofu til allra leikskóla þar sem óskað var eftir því að þeir framsendu póstinn til allra foreldra. Starfsmenn leikskóla gengu eftir því að allir foreldrar svöruðu því hvenær þeir ætla að taka sumarleyfi.

Foreldrar voru hvattir til að fara í sumarleyfi á þeim tíma sem leikskólar barna þeirra loka, þar sem flutningur á milli leikskóla getur verið börnum erfiður og ekki er hægt að tryggja að starfsmaður sem fylgi barni úr heimaleikskóla þess þekki barnið vel eða að barnið þekki einhver börn sem verða í sumaropnunarleikskólanum.

Framkvæmd verkefnisins

Nokkur umræða skapaðist í starfshópnum vegna aðlögunar barna að þeim leikskólum sem yrðu með sumaropnunina. Þegar barn hefur vistun í leikskóla er mikil áhersla lögð á aðlögun barna að leikskólanum og er nokkuð misjafnt hversu langan tíma börn þurfa í aðlögun en eðlilegt er að gera ráð fyrir a.m.k. viku aðlögun í nýjum leikskóla. Þar sem börn sem eru að koma í sumaropnunarleikskólana eru jafnvel að koma hluta af sumaropnunni var starfshópurinn sammála um að erfitt væri að gera ráð fyrir löngum tíma í aðlögun, því var lagt til og samþykkt í framkvæmdastjórn að frá hverjum leikskóla sem sendir barn/börn í sumaropnunarleikskóla fari starfsmaður með sem barnið þekki.

Beiðni barst frá 17 leikskólum vegna 31 barns auk þess sem foreldrar um 100 barna sem eiga sumaropnunarleikskóla sem heimaleikskóla óskuðu eftir að nýta sér svigrúmið til að taka sumaleyfi á öðrum tíma en megin sumarleyfistíma leikskóla þ.e. frá 8. júlí til og með 2. ágúst.

Fjöldi barna sem gert er ráð fyrir í sumaropnunarleikskólunum.

Vikan 8. - 12 júlí

Sumaropnunarleikskóli	Börn úr sumaropnunarleikskóla	Börn úr öðrum leikskólum	Heildarfjöldi barna	Frá hvað mörgum leikskólum
Gullborg	15	1	16	1
Rofaborg	24	1	25	1
Ösp	13	2	14	2
Bjartahlíð	5	7	12	2
Garðaborg	11	1	12	1
Lyngheimar	31	5	36	3
Samtals	99	17	116	10

Vikan 15 – 19 júlí

Sumaropnunarleikskóli	Börn úr sumaropnunarleikskóla	Börn úr öðrum leikskólum	Heildarfjöldi barna	Frá hvað mörgum leikskólum
Gullborg	10	4	14	3
Rofaborg	19	2	21	2
Ösp	9	2	10	2
Bjartahlíð	8	7	15	2
Garðaborg	9	1	10	1
Lyngheimar	17	5	22	3
Samtals	62	21	83	13

Vikan 22. – 26. júlí

Sumaropnunarleikskóli	Börn úr sumaropnunarleikskóla	Börn úr öðrum leikskólum	Heildarfjöldi barna	Frá hvað mörgum leikskólum
Gullborg	6	5	11	3
Rofaborg	17	2	19	2
Ösp	9	4	12	4
Bjartahlíð	12	6	18	2
Garðaborg	9	1	10	1
Lyngheimar	12	8	20	4
Samtals	65	26	91	16

Vikan 29. júlí – 2. ágúst

Sumaropnunarleikskóli	Börn úr sumaropnunarleikskóla	Börn úr öðrum leikskólum	Heildarfjöldi barna	Frá hvað mörgum leikskólum
Gullborg	7	5	12	3
Rofaborg	23	1	24	1
Ösp	14	4	16	4
Bjartahlíð	17	6	23	2
Garðaborg	9	1	10	1
Lyngheimar	20	9	29	4
Samtals	90	26	116	15

Vikan 6. ágúst – 9. ágúst

Sumaropnunarleikskóli	Börn úr sumaropnunarleikskólanum	Börn úr öðrum leikskólum	Heildarfjöldi barna	Frá hvað mörgum leikskólum
Gullborg	67	5	72	3
Rofaborg	83	1	84	1
Ösp	45	2	12	2
Bjartahlíð	17	6	23	2
Garðaborg	35	1	36	1
Lyngheimar	44	9	53	4
Samtals	291	24	315	13

Kostnaður við verkefnið

Til verkefnisins voru áætlaðar 27 milljónir en þegar verklag við framkvæmdina lá fyrir var ljóst að heildarkostnaður gæti orðið allt að 74,7 milljónir og var þá gert ráð fyrir að allir sumaropnunarleikskólarnir yrðu fullnýttir yfir sumarorlofstímann.

Áætlaður kostnaður miðað við þann barnafjölda sem nú er gert ráð fyrir er kr. 34.000.000 er þá gert ráð fyrir 1 til 2 deildarstjórum (fer eftir fjölda barna) í hverjum opnum leikskóla ásamt afleysingu og því starfsfólki sem fylgir börnum frá öðrum leikskólum. Einnig mun hver sumaropnunarleikskóli fá til sín 2 sumarliða sem eru til viðbótar við þá starfsmenn sem eru skv. barngildisútreikningum.

Gert er ráð fyrir ræstingu, aðkeyptum mat, öðrum rekstri (ss. rafmagn, hiti, sorphirða), TV einingar fyrir stjórnendur ásamt launakostnaði starfsmanna.

Mat á verkefninu

Auður Ævarsdóttir matsfræðingur á skrifstofu sviðsstjóra mun sjá um mat á verkefninu. Verður það gert með könnun og rýnihópaviðtölum við foreldra barna sem nýta sér sumaropnunina, bæði úr sumaropnunarleikskólunum og nágrannaleikskólum. Einnig verður gerð könnun meðal starfsmanna og stjórnenda.